Sigurður Pétursson
Háskóla Íslands

Arngrímur og Ovidius

1. Aðfaraorð

Í aldaraðir hefur sá siður tíðkast í bókmenntum Vesturlanda að vitna í verk og fleyg orð löngu genginna skálda og rithöfunda. Með þessu töldu menn að þeir væru að gefa eigin hugsunum og orðum aukið vægi um leið og þeir sýndu fram á ákveðin tengsl milli sín og þeirra sem þegar höfðu reist sér þann bautastein sem er eirnum varanlegri, *monumentum aere perennius*, svo að vitnað sé í rómverska skáldið Quintus Horatius Flaccus (65–8 f. Kr.).[1] Óháir hafa í tímanna rás vitnað í kviður Hómers sem að ýmsu leyti marka upphaf grísks kveðskapar. Þegar á hinu mikla blómaskeiði gríska bókmennta á 5. og 4. öld f. Kr. leituðu menn óspart til Hómers og vitnar til að mynda hinn snjalli hugsuður og rithöfundur Platon (427–347 f. Kr.) bæði til Ílíonskviðu og Odysseifskviðu í heimspekiritum sínum.[2] Rómverskir höfundar gullaldar latneskra bókmennta fyrir og um Krists burð sóttu ekki síður innblástur í verk sín úr fornum verkum Grikkja og Rómverja og birtist það bæði í efnismeðferð og beinum tilvitnunum. Latnesk bókmenntaverk eru því oft illskiljanleg án haldgóðrar þekkingar á gríska menningu. Þetta verður mönnum fljótt ljóst þegar þeir lesa rithöfund eins og Marcus Tullius Cicero (106–43 f. Kr.) eða skáldin Publius Vergilius Maro (70–19 f. Kr), Horatius og Publius Ovidius Naso (43 f.

1 Horatius, *Carm.* III, 30, 1.

2 Hér eru einungis tekin sem dæmi tvær tilvitnanir úr tveim verkum Platons. *Apología* (*Varnarræða Sókratesar*), 34d: *Odysseifskviða* XIX, 163 og *Faídon* 112a: *Ílíonskviða* VIII, 14.

Kr.–17 e. Kr.) svo að einhverjir séu nefndir. Þessi siður hélst að einhverju leyti í mörgum bestu latnesku bókmenntaverkum miðalda og má til dæmis greinilega sjá hversu mjög skáld og menntamenn á tímum Karls mikla Frankakonungs (744–814) dáðust að fornmenningu Grikkja og Rómverja enda hefur það tímabil verið nefnt endurreisn Karlunga eða *the Carolingian Renaissance* á ensku. Innlifun þessara manna í heim fyrirmynda sinna varð meira að segja svo sterk að þeir tóku að nefna sig í hópi vina sinna nöfnum þekktra fornaldarskálda eins og Alkuin (um 730–804) sem nefndur var eftir Horatiusi og kallaður Flaccus.[3] Á síðmiðöldum varð Ovidius mikið eftirlæti skálda og rithöfunda víða um lönd og má segja að þær vinsældir hafi í raun enst í þó nokkrar aldir. Með endurreisn og húmanisma beindu menn enn frekar augum sínum að hinni klassísku fornmenningu og gætti áhrifa hennar á margan hátt í bókmenntum þessarar menningarstefnu, ekki síst þeim latnesku. Menn létu sér ekki aðeins nægja að vitna bæði beint og óbeint í verk þekktra höfunda heldur gerðust menn og stundum viðmælendur fornaldarmanna í daglegu lífi og ritstörfum sínum eins og þegar Petrarca (1304–1374) skrifast á við Cicero um viðburði fyrstu aldar fyrir Krists burð.[4] Meistari latneskrar málsnilldar endurreisnarinnar, ítalski húmanistinn Poliziano (1454–1494), kafar enn dýpra og reynir að nálgast Ovidius með ákveðinni samþjáningu eins og glöggt má sjá þegar hann lýsir banalegu rómverska skáldsins í útlegð hans við Svartahaf meðal barbaraþjóða og þeirri neyð og einsemd sem einkennir dauðastund hans.[5] Fæstir létu þó örlög Ovidiusar hafa slík áhrif á sig. Arfleifð hans, eins og hún birtist okkur oftast í bókmenntum Vestur-Evrópu, einkennist mjög af þeirri leikandi og glæsilegu meðferð latnesks máls sem hann beitir í ævintýralegum grískum og rómverskum goðsögum sínum og myndrænum og hnyttnum lýsingum á fáguðu og léttúðugu lífi Rómverja. Þó ristir skáldskapurinn oft dýpra en menn eiga von á. Þessi

3 Karl Langosch, *Lyrische Anthologie des lateinischen Mittelalters*, Darmstadt: Wissenschaftliche Buchgesellschaft, 1968, bls. 84, 344.

4 Hilding Thylander, *Litterae Latinae, I. Prosa*, Stokkhólmur: Svenska Bokförlaget/Bonniers, 1961, bls. 288–289.

5 *An Anthology of Neo-Latin Poetry*, ritstj. og þýð. Fred J. Nichols, New Haven og London: Yale University Press, 1979, bls. 284–287.

arfleifð var í senn mikil að vöxtum og bar með sér ótrúlega hugmyndaauðgi sem bæði rithöfundar og listamenn nýttu sér á margvíslegan hátt.

Sú auðlegð sem rekja mátti til Ovidiusar og verka hans var mjög áberandi í menningarlífi Evrópu á tímum Arngríms Jónssonar lærða (1568–1648). Sjálfur átti Arngrímur því láni að fagna að kynnast þessu andrúmslofti af eigin raun á ferðalögum sínum til meginlandsins. Hann ferðaðist að minnsta kosti þrisvar sinnum til útlanda á ævi sinni og var því í hópi þeirra Íslendinga sem best höfðu kynnst mönnum og málefnum erlendis. Hann stundaði nám við háskólann í Kaupmannahöfn á árunum 1585–1589 og á árunum 1592–1593 og 1602–1603 dvaldist hann erlendis á vegum frænda síns og velgerðarmanns, Guðbrands biskups Þorlákssonar (1542–1627), og kom þá meðal annars til Rostock og Hamborgar. Í öllum þessum ferðum sínum kynntist Arngrímur málsmetandi lærdómsmönnum sem hann hélt sambandi við eftir að hann sneri aftur til ættjarðar sinnar. Arngrímur hafði því bestu forsendur til þess að fylgjast með erlendum andlegum straumum sinnar samtíðar þó svo að langt væri milli helstu menningarsetra Norðurlanda og Hóla eða Melstaðar í Húnavatnssýslu þar sem hann gegndi prestskap um árabil.

Að gera fullnægjandi grein fyrir hlutverki Ovidiusar í menntum og listum í Evrópu á þessum tíma væri vart á færi eins manns hvað þá að gera því góð skil í stuttu máli. Það ætti þó ekki að koma í veg fyrir að minnast á nokkur atriði sem sýnt gætu hina miklu breidd er einkennir þá arfleifð sem Ovidius skildi eftir sig í sögu vestrænnar menningar. Fyrst er vitanlega að geta sjálfra verka hans sem öll hans frægð hvílir á og voru þau enn á tímum Arngríms einn hornsteina æðri menntunar í skólakerfi Vesturlanda og settu mark sitt með ýmsu móti á bókmenntaiðju lærdómsmanna víða um lönd. Þessara áhrifa gætti til að mynda mjög í endurreisnarbókmenntum Dana og nægir að nefna latínukveðskap stjarnfræðingsins Tycho Brahe (1546–1601) sem var í hópi merkustu lærdóms- og vísindamanna sinnar tíðar.[6] Auknar kröfur við rannsóknir og útgáfur á

6 Minna Skafte Jensen, „Dansk renæssancelitteratur“, *Danmark og renæssancen 1500–1650*, ritstj. Carsten Bach-Nielsen, Johan Møhlenfeldt Jensen, Jens Vellev og Peter Zeeberg, Kaupmannahöfn: Gads Forlag, 2006, bls. 94–111, hér bls. 107; Peter Zeeberg, *Tycho Brahes "Urania Titani"*, Kaupmannahöfn: Museum Tusculanums forlag, 1994.

textum klassíska höfunda leiddu til fjölda textaútgáfa á verkum Ovidiusar og má í því sambandi minnast á merka útgáfu Hollendingsins Daniels Heinsius (1580–1655) sem kom út árið 1629.[7] Samfara auknum kröfum við frágang og skýringar á grískum og latneskum textum óx einnig áhugi manna fyrir því að kynna þessi verk á prenti á þjóðtungum. Þessi þróun hófst á blómaskeiði húmanismans á Ítalíu á 15. öld og birtist til að mynda ítölsk þýðing á *Myndbreytingum* Ovidiusar þegar árið 1497 og barst þessi þýðingastarfsemi smám saman norður eftir álfunni.[8] Merk frönsk þýðing kom út 1619 og árið 1632 birtist svo ensk þýðing eftir George Sandys (1578–1644).[9] Jafnhliða því að hinum fræðilega þætti við útgáfu verka Ovidiusar óx ásmegin fjölgaði mjög þeim mennta- og listamönnum sem sóttu innblástur í verk hans og hugarheim. Má til dæmis nefna rithöfunda og skáld, bæði karla og konur, sem rituðu á latínu eða á þjóðtungum. Athyglisverð ensk menntakona, Elizabeth Jones Weston (1581–1612), sem neyðst hafði til að flýja land af pólitískum ástæðum ásamt fjölskyldu sinni, leitaði á náðir Rudolfs II. (1552–1612) keisara í Prag og reyndi þar að afla sér stuðnings með kveðskap á latínu keisaranum til dýrðar.[10] Yrkisefni sótti hún meðal annars í heim Ovidiusar og sýndi með því bæði mikinn lærdóm sinn og hugmyndaauðgi. Ensku endurreisnarskáldin William Shakespeare (1564–1616), Christopher Marlowe (1564–1593) og John Donne (1573–1631) skildu allir eftir sig verk sem á einn eða annan hátt má rekja til verka Ovidiusar.[11] Þótt áhrif endur-

7 *Pub: Ovidii Nasonis Opera. Daniel Heinsius textum recensuit. Accedunt Breves Notæ ex collatione codd. Scaligeri et Palatinis Iani Gruteri*, Leiden, 1629.

8 *Ovidio Metamorphoses Vulgare,* Venetia per Zoane Rosso, 1497.

9 *Les metamorphoses d'Ovide. Traduites en Prose Françoise, et de nouveau soigneusement reveuës, corrigees en infinis endroits, et enrichies de figures à chacune Fable. Avec XV. Discours Contenans l'Explication Morale et Historique De plus outre le Jugement de Paris, augmentees de, et autres divers traitez. Pour l'autheur a Paris: chez la veufve Langelier au premier pilier de la grande Salle du Palais. Avec privilege du Roy,* þýð. Nicolas Renouard, París, 1619. *Ovid's Metamorphosis Englished, Mythologiz'd, And Represented in Figures. An Essay to the Translation of Virgil's Aeneis. By G. S.*, þýð. George Sandys, Oxford, 1632.

10 Jane Stevenson, *Women Latin Poets. Language, Gender, and Authority from Antiquity to the Eighteenth Century*, Oxford: Oxford University Press 2005, bls. 248–249; Elizabeth Jones Weston, *Parthenicôn Elisabethæ Ionnæ Westoniæ, Virginis nobilissimæ, poëtriæ florentissimæ, linguarum plurimarum peritissimæ, Liber I. Operâ ac studio G. Mart. à Baldhoven, Sil. Collectus; & nunc denuò amicis desiderantibus communicatus*, Prag, um 1606–1608, bls. 42.

11 *The Literature of Renaissance England*, ritstj. John Hollander og Frank Kermode, Oxford: Oxford University Press, 1973.

reisnar tækju að dvína á sautjándu öldinni hélst þó áhugi á klassískum fornbókmenntum alla öldina og fengust menn mikið við þýðingar á verkum frægra höfunda, bæði Ovidiusar og annarra, eins og verk Englendingsins Johns Dryden (1631–1700) bera gleggstan vott um.[12]

Það var ekki aðeins á vettvangi orðlistarinnar sem Ovidius veitti mönnum innblástur heldur sjáum við einnig óteljandi dæmi þess hvernig listmálarar, myndhöggvarar, koparstungumeistarar og ýmsir listiðnaðarmenn létu heillast af veröld Ovidiusar og þá líklega mest af þeirri sem finna má í goðsögum hans í *Myndbreytingunum*. Sá heimur var þeim óþverrandi uppspretta til listsköpunar. Við getum látið okkur nægja að minnast á meistara eins og listmálarana Peter Paul Rubens (1577–1640) og Rembrandt van Rijn (1606–1669) og ítalska myndhöggvarann Giovanni Lorenzo Bernini (1598–1680) sem gerði styttuna frægu af Apollo og Daphne.[13] Gróskumikil útgáfa íburðarmikilla og myndskreyttra bóka varð list og tæknikunnáttu koparstungumeistara mikill aflgjafi og var myndefnið ósjaldan komið úr hinum klassíska heimi. Þessi grafíska list var ekki einskorðuð við bækur textanum til stuðnings og skýringar heldur gat hún einnig af sér sjálfstæð verk og hreinar perlur þegar vel til tókst. Einn þeirra sem þótti ná afburðaárangri var Hendrick Goltzius (1558–1617) sem meðal annars skildi eftir sig myndlýsingar við Ovidius.[14] Loks má geta hins mikla fjölda nafnlausra listiðnaðarmanna sem af alúð og listfengi fengust við að skreyta bæði hús og ýmis önnur mannvirki. Oft var það eitthvert verk Ovidiusar sem hafði veitt innblástur eins og sjá má til dæmis

12 Meðal þess sem John Dryden þýddi í bundið enskt mál var sagan af Ceyx og Alcyone úr *Myndbreytingum* Ovidiusar og verk Vergiliusar sem birtust á prenti árið 1697.

13 Nefna má verk eftir Rubens eins og „Perseus bjargar Andromedu“ (*Metamorph*. IV, 668–764) frá 1620 sem varðveitt er í Gemäldegalerie í Berlín og „Fall Íkarusar“ (*Metamorph*. VIII, 183–235) frá 1636 sem varðveitt er í Musées Royaux des Beaux-Arts de Belgique, Brüssel. Þá skal getið verka eftir Rembrandt eins og „Brottnám Evrópu“ (*Metamorph*. II, 849–59) frá 1632 sem finna má í J. Paul Getty Museum í Los Angeles, „Rán Ganymedesar“ (*Metamorph*. X, 155–161) frá 1635 sem varðveitt er í Gemäldegalerie í Dresden og „Philemon og Baucis“ (*Metamorph*. VIII, 618–724) frá 1658 sem sjá má í The National Gallery of Art í Washington, DC. Stytta Berninis af Apollo og Daphne (*Metamorph*. I, 452–567) er varðveitt í Galleria Borghese í Róm.

14 Nefna má koparristuna „Fall Íkarusar“ (*Metamorph*. VIII, 183–235) frá 1588 sem varðveitt er í The New York Public Library. http://www.nypl.org/research/chss/spe/art/print/captions/goltzius.html [sótt 14. júní 2009].

í glæsilegum myndvefnaði þessa tímabils og í hinum miklu tréskurðarmyndum sem prýddu Vasaskipið, flaggskip sænska flotans sem fórst við Stokkhólm í fyrstu ferð sinni árið 1628.[15] Allir þessir ólíku lærdóms- og listamenn sem nefndir hafa verið voru uppi á svipuðum tíma og Arngrímur Jónsson sem trúlega hefur orðið var við þennan andblæ. Hver og einn þessara manna lagði sitt af mörkum til viðhalds fornum menningararfi og allir settu þeir sitt svipmót á þá miklu Ovidiusarhefð sem í margar aldir barst frá einni kynslóð til annarrar.

Hvernig skyldi þessi hefð hafa birst á Íslandi? Því er til að svara að traustar heimildir eru fyrir því að Ovidius hafi verið þekktur á Íslandi frá því á 13. öld þótt vel megi vera að fyrstu kynni Íslendinga af honum hafi verið mun fyrr.[16] Með vexti húmanismans á 16. og 17. öld varð lestur ákveðinna verka Ovidiusar skyldunám í latínuskólum landsins eins og tíðkaðist á Norðurlöndum og því þarf engan að undra að þaðan í frá rekumst við ítrekað á Ovidius í bókmenntum Íslendinga, ýmist nafngreindan eða án nafns. Arngrímur Jónsson lærði var afkastamesti húmanisti Íslands. Það er því ekki úr vegi að athuga eilítið hvort og hvernig Ovidius birtist í verkum hans. Um fullnaðarúttekt verður vissulega ekki að ræða en eitt og annað skal tínt til sem ef til vill gæti varpað ákveðnu ljósi á menntastörf hér á landi á þeim tíma og væntanlega einnig vakið upp spurningar um þau málefni.

2. Tilvitnanir í Ovidius

Arngrímur Jónsson skildi eftir sig mörg og merk rit á latínu. Að minnsta kosti sjö þeirra, *Brevis Commentarius de Islandia*, *Crymogaea sive Rerum Islandicarum Libri III*, *Anatome Blefkeniana*, *Epistola pro Patria Defensoria*, *Apotribe Virulentæ et Atrocis Calumniæ*, *Athanasia sive Nominis ac Famæ Immortalitas Reverendi ac Incomparabilis*

15 Ebeltje Hartkamp-Jonxis, *Weaving Myths. Ovid's Metamorphoses and the Diana Tapestries in the Rijksmuseum*, Amsterdam: Rijksmuseum, Nieuw Amsterdam, 2009; Hans Soop, *Flytande palats*, Stokkhólmur: Bokförlaget Signum, 2007, bls. 81–83.

16 Sigurður Pétursson, „Ovid in Iceland", *Cultura classica e cultura Germanica settentrionale*, ritstj. Pietro Janni, Diego Poli og Carlo Santini, Roma: Editrice Herder, 1988, bls. 53–63, hér bls. 54–56.

Viri Dn. Gudbrandi Thorlacii og *Specimen Islandiæ Historicum*, birtust á prenti að honum lifandi en latneskar þýðingar hans á ýmsum íslenskum fornritum voru fæstar gefnar út fyrr en á miðri 20. öld. Þá útgáfu annaðist Jakob Benediktsson sem einnig sá um að hin frumsömdu rit Arngríms voru endurútgefin og fylgdi þessu verki fræðilegur inngangur og skýringar útgefanda.[17] Ef athuguð eru ritverk Arngríms lærða í lausu máli má sjá að í flestum þeirra er vitnað í Ovidius með einum eða öðrum hætti. Þessum verkum Arngríms er hér raðað í tímaröð og tilvitnana í Ovidius nákvæmlega getið í hverju verki. Þær eru merktar með stórum bókstöfum A–Y til að auðvelda frekari umfjöllun síðar í greininni. Aftan við hvern bókstaf er fyrst getið staðar í viðeigandi verki Arngríms, næst er tilvitnunin eins og hún birtist hjá Arngrími, þá þýðing á íslensku í svigum og nákvæm staðartilvísun í verk Ovidiusar. Loks er þess getið ef munur er á orðalagi Arngríms og þess sem vísað er til.[18]

Brevis Commentarius (Stutt greinargerð) 1593[19]

A. Bls. 37r. **Flumen habent Cicones, quod potum saxea reddit / Viscera, quod tactis inducit marmora rebus** (Kíkonar eiga sér fljót sem gerir innyfli að steini sé teygað á því og annað að marmara við snertingu), *Metamorphoses* XV, 313–314.

B. Bls. 48r. **Icariæ numerum dicere coner aquæ** (væri ég að reyna að telja öldur Eyjahafs), *Tristia* V, 2, 28.

C. Bls. 87v. **(pars superat coepti) pars est exhausta laboris** ((hluti þess verks sem hafið er bíður,) öðrum er lokið), *Ars amatoria* I, 771. Latneski textinn í sviga er ekki í tilvitnun Arngríms.

---

17 *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta* I–IV, ritstj. Jakob Benediktsson, Kaupmannahöfn: Ejnar Munksgaard, 1950–1957. Þetta verk Jakobs Benediktssonar, sem er nákvæm textaútgáfa ásamt skýringum og sögulegri umfjöllun, markaði tímamót í rannsóknum á sviði nýlatneskra bókmennta á Norðurlöndum. Það mun ætíð verða undirstöðurit rannsókna á verkum Arngríms lærða og byggist þessi grein að nokkru leyti á þessu verki þótt túlkanir á tilvitnunum séu alfarið verk greinarhöfundar.

18 Tilvitnanir í verk Arngríms vísa til blaðsíðutals í frumútgáfum, sé þess kostur, annars til blaðsíðutals í verkinu *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta* I–IV.

19 *Brevis Commentarius de Islandia. Qvo Scriptorum de Hac Insula Errores Deteguntur, et Extraneorum Qvorundam Conviciis, ac Calumniis, Qvibus Islandis Liberius Insultare Solent, Occurritur*, Kaupmannahöfn, 1593.

Supplementum Historiæ Norvagicæ (Viðbót við Noregssögu) 1595–1597[20]
D. I, bls. 147. **ad fontem Xanthi versa recurret aqva** (mun vatn Xanthusar snúa við og renna aftur að uppsprettu sinni), *Heroides* V, 30.

Crymogaea (Ísland) 1609[21]
E. Bls. 57. **Iamque duae restant noctes de mense secundo, / Marsque citos iunctis curribus urget equos; / Ex vero positum permansit Equirria nomen, / Quae deus in campo prospicit ipse suo** (Nú eru eftir tvær nætur af öðrum mánuði og Mars keyrir fráa fáka sína sem beitt er fyrir vagna. Þetta var nefnt Equirria og heitir svo enn. Lítur Guðinn sjálfur þessa leika á velli sínum), *Fasti* II, 857–860. Vísað efnislega í þessar ljóðlínur.
F. Bls. 165. **Non illo melior quisquam nec amantior æqui / vir fuit** (Enginn maður var honum vænni né unni réttlætinu meir), *Metamorphoses* I, 322–323.
G. Bls. 192. **fugêre pudor verumque fidesque: / In quorum subiêre locum fraudesque dolique / Insidiæque et vis et amor sceleratus habendi** (blygðun, sannleikur og traust lögðu á flótta; í þeirra stað komu svik, fláræði og brögð, ofbeldi og illvíg ágirnd), *Metamorphoses* I, 129–131. Í stað lesháttarins *fugêre* er til lesháttur-inn *fugitque* og í stað *dolique* lesháttur inn *dolusque*.

Anatome Blefkeniana (Sundurlimun Blefkens) 1612[22]
H. Bls. 8. **Depuduit, profugusque pudor sua signa reliquit** (blygðunarkenndin er horfin, líkt og liðhlaupi varpaði hún frá sér merkjum sínum), *Heroides* IV, 155.
I. Bls. 45. **Corpora magnanimo satis est prostrasse leoni** (hugmiklu ljóni nægir að leggja líkama að velli), *Tristia* III, V, 33.
J. Bls. 53. (**Longius inde nefas abiit, et) Prima putatur / Hostia**

---

20 „Supplementum Historiæ Norvagicæ", *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta* I, 1950, bls. 141–316.

21 *Crymogaea sive Rerum Islandicarum Libri III*, Hamborg, 1609.

22 *Anatome Blefkeniana Qua Ditmari Blefkenii Viscera, Magis Præcipua, in Libello de Islandia, Anno MDCVII Edito, Convulsa, per Manifestam Exenterationem Retexuntur*, Hólar, 1612, og Hamborg, 1613.

Sus meruisse mori, quia semina rostro / Eruerit pando spemque interceperit anni ((Úr þessu varð enn meiri óhæfa og) svínið er talið hafa verðskuldað að verða fyrsta fórnardýrið af því að með bjúglaga trýni sínu hafði það rótað upp sæðinu og eytt þeirri von sem árið bar í skauti sér), *Metamorphoses* XV, 111–113. Latneski textinn í sviga er ekki í tilvitnun Arngríms. Einnig er til lesháttur*inn semina pando / eruerit rostro*.

L. Bls. 73. **Ille Deum genitor, fraudem et perjuria quondam / Cercopum exosus gentisque admissa dolosæ, / In deforme viros animal mutavit, ut ijdem / Dissimiles homini possent similesque videri?** (breytti faðir guðanna sem hataði svik og meinsæri Kerkopa og gjörðir svikullar þjóðar þessum mönnum í ólögulega skepnu þannig að þeir gætu í senn virst ólíkir og líkir mönnum?), *Metamorphoses* XIV, 91–94. Í stað lesháttarins *ille* er einnig til lesháttur*inn quippe*.

ΑΠΟΤΡΙΒΗ virulentæ et atrocis calumniæ (Ofsafengin og grimm álygi hrakin) 1622[23]

M. Bls. 34. **Tristia sub dulci toxica melle gerit** ((tunga sem) ber nöturlegt eitur undir ljúfu hunangi). Þetta orðalag má líklega rekja til **impia sub dulci melle venena latent** (óguðlegt eitur leynist undir ljúfu hunangi), *Amores* I, 8, 104, en textinn er nokkuð mikið breyttur.

N. Bls. 44. **Trita frequensque via est, per amici fallere nomen. / Trita frequensque licet sit via, crimen habet** (að svíkja í nafni vinar er troðinn og fjölfarinn vegur en þótt hann sé troðinn og fjölfarinn þá er hann glæpsamlegur). *Ars amatoria* I, 585–586. Í stað lesháttarins *trita* er einnig til lesháttur*inn tuta* og er hann líklega oftar valinn í textaútgáfum en hinn. Í stað troðins vegar er þá talað um öruggan veg.

O. Bls. 47. **Illud AMICITIÆ quondam venerabile nomen / Prostat et in quæstu pro MERETRICE sedet** (nafn vináttunnar sem forðum var í heiðri haft er falt og býður sig til ávöxtunar líkt og skækja), *Ex Ponto* II, 3, 19–20.

---

23 *ΑΠΟΤΡΙΒΗ Virulentæ et Atrocis Calumniæ, Qva Arngrimum Jonam Islandum W. Hostes Quidam in Patria Clandestini, Non Tantum Aggravare, sed Tanquam Ariete et Fulmine Bellico, Bonæ Famæ Præsidio ceu Arce, Dejicere, Infeliciter Conati Sunt; ab Eodem Confecta*, Hamborg, 1622.

P–Q. Bls. 50–51. **(concussae patuere fores.) Videt intus edentem / Vipereas carnes, vitiorum alimenta suorum, / INVIDIAM visaque oculos avertit. At illa / Surgit humo Pigrè semesarumque relinquit / Corpora serpentum passuque incedit inerti. / (utque deam vidit formaque armisque decoram, / ingemuit vultumque deae ad suspiria duxit.) / Pallor in ore sedet, macies in corpore toto; / Nusquam recta acies, livent rubigine dentes, / Pectora felle virent, lingua est suffusa veneno, / Risus abest, nisi quem visi movere dolores, / Nec fruitur somno vigilantibus excita curis, / Et videt ingratos intabescitque videndo / Successus hominum: carpitque et carpitur unâ / Suppliciumque sui est. (quamvis tamen oderat illam, / talibus adfata est breviter Tritonia dictis: / "infice tabe tua natarum Cecropis unam: / sic opus est. Aglauros ea est." haud plura locuta / fugit et inpressa tellurem reppulit hasta. / Illa deam obliquo fugientem lumine cernens / murmura parva dedit successurumque Minervae / indoluit) Baculumque capit, quem spinea totum / Vincula cingebant, adopertaque nubibus atris / Quacunque ingreditur, florentia proterit arva, / Exuritque herbas et summa cacumina tangit, / Afflatuque suo populosque urbesque domusque / Polluit (et tandem Tritonida conspicit arcem / ingeniis opibusque et festa pace virentem / vixque tenet lacrimas, quia nil lacrimabile cernit.)** ((barið var að dyrum og þær lukust upp.) Fyrir innan blasir við Minervu Öfund þar sem hún étur snákakjöt, sem illgirni hennar nærist á, og við þessa sjón lítur Minerva undan; en Öfund rís letilega á fætur, skilur eftir hræ hálfétinna snáka og gengur fram silalegum skrefum. (Þegar hún sá gyðjuna glæsilega á að líta í fullum herklæðum stundi hún og lagaði svip sinn að andvarpi gyðjunnar.) Fölvi markar ásjónu, megurð allan líkamann. Augnaráð á iði, tennur bláar af skemmd, gall varpar grænku á hjarta, tungan er gegnsýrð eitri; enginn heyrist hlátur, nema sá sem augljósar kvalir annarra valda, hún nýtur ekki svefns en er andvaka af ósefandi áhyggjum. Þegar hún sér velgengni manna vanþóknast henni og hún tærist, tætir sundur og tætist sjálf um leið. Hún er eigin refsing. (Og þó að sú Tritonska hataði hana ávarpaði hún hana stuttlega með eftirfarandi orðum: „Berðu smit sjúkdóms þíns í eina af dætrum

Kekrops. Svo verður að vera. Það er Aglauros.“ Hún mælti ei frekar, stakk spjótinu í jörðina, hóf sig á loft og hvarf. Öfund gaut augunum að gyðjunni þar sem hún hvarf á brott og tautaði eitthvað fyrir munni sér. Henni sveið velgengni Minervu.) Hún grípur stafinn sem allur er umvafinn þyrniviðjum og hylur sig svörtum skýjum. Hvert sem hún fer eyðir hún blómlegum ökrum, svíður grös, tætir trjátoppa og mengar þjóðir, borgir og bústaði með áblæstri sínum. (Loks sér hún háborg Minervu sem hreykir sér af gáfum, auði og unaðsfullum friði. Hún getur vart tára bundist af því að hún sér ekkert grætilegt.)), *Metamorphoses* II, 768–796. Latneski textinn í svigum er ekki í tilvitnun Arngríms. Á nokkrum stöðum í tilvitnuninni eru leshættir ólíkir þeim sem finna má í ýmsum nútímaútgáfum en flestir þeirra skipta litlu máli og má t.d. rekja til tvímynda. Tveir leshættir, *sui* og *tangit*, skulu þó nefndir en í stað þeirra má finna leshættina *suum* og *carpit* í textaútgáfum.
R. Bls. 66. **Multi illum pueri, multæ cupiere puellæ; / Sed fuit in tenerâ tam dira superbia formâ, / Nulli illum pueri, nullæ tetigere puellæ** (margir piltar þráðu hann svo og stúlkur. En í ljúfri mynd hans var viðbjóðslegur hroki, hvorki snurtu hann piltar né stúlkur), *Metamorphoses* III, 353–355. Í stað lesháttarins *pueri* er einnig til lesházturinn *iuvenes* og í stað *dira* má finna lesháttinn *dura* af lo. *durus* sem merkir harður.

ΑΘΑΝΑΣΙΑ Dn. Gubrandi Thorlacii (Ódauðleiki Herra Guðbrands Þorlákssonar) 1630[24]
S. Bls. 6. **Hunc morem Æneas, pietatis idoneus autor, / Attulit in terras, juste Latine, tuas. / Ille patris genio Sollennia vota ferebat; / Hinc populi ritus edidicere novos. / At quondam, dum longa gerunt pugnacibus armis / Bella, parentales deseruere dies** (Þú réttvísi Latinus, þennan sið flutti með sér í lönd þín Eneas, hinn gildi stöpull skyldurækni. Verndarvætti föður síns færði hann hátíðarfórn, þannig námu þjóðir nýja siði. Á stundum, þegar þeir háðu langvarandi stríð með vopnabraki, sinntu þeir eigi hátíðisdögum áa sinna), *Fasti* II, 543–548. Í stað lesháttarins *vota*

24 *ΑΘΑΝΑΣΙΑ sive Nominis ac Famæ Immortalitas Reverendi ac Incomparabilis Viri Dn. Gubrandi Thorlacii, Superintendentis Borealis Islandiæ Digniss. Vigilantiss. Oratione Parentali, de Ejusdem, Vita, Vitæque Clausula, per Arngrimum Jonam, Islandum Asserta*, Hamborg, 1630.

má finna lesháttinn *dona* (gjafir), í stað *novos* lesháttinn *pios* og í stað *deseruere* lesháttinn *deseruisse*.
T. Bls. 25. (**tot premor adversis: quae) Ego si comprendere coner, / Icariæ numerum dicer<e> coner aquæ** ((ég er þjakaður af svo miklu mótlæti:) Ef ég reyndi að kasta tölu á tilvikin væri ég að reyna að telja öldur Eyjahafs), *Tristia* V, 2, 27–28. Latneski textinn í svigum er ekki í tilvitnun Arngríms. *Ego* kann að hafa verið bætt inn í texta Arngríms.
U. Bls. 41. **Qui non est hodie, cras minus aptus erit** (sá sem ekki er hæfur í dag verður það enn síður á morgun), *Remedia amoris*, 94.

Specimen Islandiæ Historicum (Sýnisbók Íslandssögu) 1643[25]
V. Bls. 171. **Qui, quæ mihi vulnera fecit, / Solus Achillæo tollere more potest** (aðeins sá sem gerði mig sáran getur læknað mig að hætti Akillesar), *Tristia* I, 1, 99–100.
Y. Bls. 171. (**Iamque opus exegi,) Quod nec Iovis ira nec ignis / Nec poterit ferrum nec edax abolere vetustas** ((Nú hef ég lokið verki) sem hvorki reiði Júpíters, eldur, vopn né eyðing tímans fær grandað), *Metamorphoses* XV, 871–872. Latneski textinn í sviga er ekki í tilvitnun Arngríms.

3. Skýringar

Þegar fengist hefur yfirlit yfir tilvitnanir Arngríms í verk Ovidiusar eins og hér liggur fyrir vakna eðlilega ýmsar spurningar. Í fyrsta lagi má spyrja í hvaða verkum Arngríms er vitnað í Ovidius, í öðru lagi í hvaða verk Ovidiusar er vitnað, í þriðja lagi hvort tilvitnanirnar séu meira áberandi á einhverju æviskeiði Arngríms en öðrum og loks hvort gerlegt sé að flokka efni og notkun tilvitnananna á einhvern hátt og hvað megi lesa úr öllum þessum upplýsingum.

[25] *Specimen Islandiæ Historicum et Magna ex Parte Chorographicum; Anno Iesu Christi 874. Primum Habitari Coeptæ: Quo Simul Sententia Contraria D. Ioh. Isaci Pontani, Regis Daniæ Historiographi, in Placidam Considerationem Venit,* Amsterdam, 1643.

3.1 Verk sem í hlut eiga

Fyrstu spurningunni er auðsvarað. Finna má tilvitnanir í Ovidius í öllum þeim verkum Arngríms sem prentuð voru að honum lifandi nema einu.[26] Í þeim ritum sem prentuð voru löngu eftir lát hans virðast ekki vera augljós áhrif frá Ovidiusi nema í einu þeirra, *Supplementum Historiæ Norvagicæ*, enda gefur efni þessara rita ef til vill síður tilefni til retórískrar tjáningar og persónulegra tilþrifa en að minnsta kosti sum meginverka Arngríms.[27] Þá skal getið verks sem tengt er nafni Arngríms þótt hæpið sé að telja hann höfund þess í vanalegum skilningi orðsins. Er það málfræðiritið *Grammatica Latina* sem birtist á prenti á Hólum 1616.[28] Verk þetta er sambræðingur eldri erlendra málfræðirita og þótt Arngrímur riti nokkurs konar formála að ritinu í bundnu máli er þáttur hans í samningu þess að öðru leyti óljós.[29] Á þriðja tug tilvitnana í Ovidius er að finna í *Grammatica Latina* og er hlutverk þeirra augljóst.[30] Þær eru notaðar sem dæmi til þess að skýra ákveðin málfræðifyrirbæri latnesks máls og sérkenni þess. Ekki er vitað hvort Arngrímur valdi þessi dæmi eða hvort hann tók þau upp úr fyrirmyndum sínum. Þau varpa því litlu ljósi á það hvernig Arngrímur vann úr verkum

---

26 Þetta tiltekna rit er *Epistola pro Patria Defensoria, Scripta ad Davidem Fabritium, Ecclesiasten in Ostell, Frisiæ Orientalis, Illam Falso, Vel Malitia, Vel Inscitia, Charta in Lucem Emissa, Traducentem*, Hamborg, 1618.

27 Ritin *Supplementum Historiæ Norvagicæ, Historia Jomsburgensium seu Juliensium, Appendix Historiæ Norvagicæ de baronibus Orcadensium, Rerum Danicarum Fragmenta, Ad catalogum RR. Sveciæ, a quo Danic. Historiæ Norvegicæ compendium incipit, annotanda* og *Gronlandia* birtust ekki á prenti fyrr en Jakob Benediktsson gaf þau út í heildarútgáfu verka Arngríms á sjötta áratug tuttugustu aldar.

28 *Grammatica Latina qvæ tam superiori qvam inferiori classi Scholæ Holensis satisfacere poterit. Comparatis plurium autorum verbis et sententiis, quorum omnium maximam partem, Melanchthon & Ramus jure sibi vendicant, brevi hoc Syntagmate comprehensa, simplicissime*, (Hólar), 1616.

29 Halldór Hermannsson, *Icelandic Books of the Seventeenth Century 1601–1700*, Ithaca, New York: Cornell University Press, 1922, bls. 50–52; Sigurður Pétursson, „Studiet af latinsk grammatik i Island", *Studies in the Development of Linguistics in Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden*, ritstj. Carol Henriksen, Even Hovdhaugen, Fred Karlsson og Bengt Sigurd, Osló: Novus forlag, 1996, bls. 274–296, hér bls. 279–281.

30 Vitnað er í eftirfarandi verk (í svigum er tilgreint blaðsíðutal í *Grammatica Latina*): *Metamorphoses*: I, 121 (T v), I, 292 (T v), I, 483 (L ij), I, 623 (X iij), IV, 561 (S v), V, 551 (I iij v), VI, 357 (N v), XIV, 113 (X, ij), XIV, 215 (Q). *Fasti*: I, 17 (N v), I, 66 (X), III, 12 (N iij), IV, 68 (C iiij). *Heroides*: XIII, 130 (Cc iiij v), XVII, 166 (Y iiij), XX, 74 (V ij v). *Ars amatoria*: I, 70 (D ij), II, 14 (V iiij), II, 562 (S ij v), III, 65 (Þ iij v). *Tristia*: IV, 3, 1 (S v). *Epistulae ex Ponto*: II, 9, 47–48 (I ij), IV, 6, 17–18 (T ij v).

Ovidiusar nema hvað þau sýna vel hve ríkur þáttur Ovidius og verk hans voru í latínunámi almennt. Um þessar tilvitnanir verður því ekki fjallað frekar hér.

Þær tilvitnanir í Ovidius sem Arngrímur valdi örugglega sjálfur eru þá samkvæmt framantöldu að minnsta kosti 22 talsins. Varðandi spurninguna um það í hvaða verk Ovidiusar er vitnað má strax geta þess að vísað er til flestra verka hans. Ovidius var mjög afkastamikið skáld og svo virðist sem langmestur hluti verka hans hafi varðveist allt til vorra daga. Hann var uppi á miklum umbrotatímum í rómversku samfélagi og líklega má segja að líf hans og verk beri nokkurn keim af því. Hið forna rómverska lýðveldi var liðið undir lok og einveldið, sem átti eftir að þróast í keisarastjórn, var að festast í sessi. Í því fjárhagslega öryggi sem ríkti þegar friður komst á eftir langvinn borgarastríð fyrstu aldar fyrir Krists burð safnaðist mikill auður til Rómar og efnamenn lifðu þar við mikla hagsæld og nutu þess sem lífið hafði upp á að bjóða, meðal annars þeirra merku bókmenntaverka sem til urðu á þessum tíma. Um leið herti valdhafinn, Ágústus (63 f. Kr.–14 e. Kr.), tökin á stjórn ríkisins og reyndi að stemma stigu við því sem hann taldi siðleysi. Ovidius tók um árabil þátt í hinu fágaða en oft léttúðuga mannlífi sem hann lýsir einkar vel í mörgum kvæða sinna og margir hafa kunnað að meta þótt valdamönnum hafi eflaust mislíkað margt sem í ástarkveðskap hans var að finna. Sú óbeina pólitíska gagnrýni og andstaða við opinbera stefnu valdhafans sem gerir vart við sig í kveðskap Ovidiusar hefur vafalaust einnig gert hann tortryggilegan í augum Ágústusar, ekki síst vegna þeirra kynna sem skáldið trúlega hafði af ýmsum ættingjum hans og niðjum. Fleiri en eitt atriði hefur því líklega valdið ógæfu Ovidiusar. Ekki er með öllu ljóst hvað gerðist en víst er að verkið *Ars amatoria* og það sem Ovidius kallar *error*, mistök, hafa vegið þungt á metunum þegar ákveðið var að gera hann útlægan.[31] Árið 8 e. Kr. var Rómarbúinn Ovidius sendur til borgarinnar Tomi við Svartahaf á ystu mörkum ríkisins og auðnaðist honum aldrei að snúa aftur til Rómar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að blíðka valdhafa þar eins og kveðskapur hans sýnir glögg-

31 *Tristia* IV, 89–90.

lega. Hann hélt áfram að yrkja í vesæld sinni og því hefur hann orðið lesendum sínum svo nálægur bæði á gleðistundum og þegar erfiðleikar steðjuðu að. Þeir sem litu samtíð sína gagnrýnum augum og æsktu þess að vekja samferðamenn sína til umhugsunar við neikvæðar undirtektir yfirvalda hafa líklega á tíðum fundið til andlegs skyldleika við Ovidius og klætt eigin hvatir búningi mergjaðra ljóðstafa hins rómverska skálds. Allt þetta ber að hafa í huga þegar fjallað er um tilvitnanir Arngríms í Ovidius.

Telja má upp að minnsta kosti sjö mikla kvæðaflokka sem Ovidius skildi eftir sig, þ.e. *Metamorphoses* sem oft eru nefndar *Myndbreytingar* eða *Ummyndanir* (15 bækur), *Fasti* (6 bækur), *Heroides* (20 bréf), *Amores* (3 bækur), *Ars amatoria* eða *Ars amandi* (3 bækur), *Tristia* (5 bækur) og *Epistulae ex Ponto* (4 bækur), ásamt stöku kvæðunum *Remedia amoris, Medicamina faciei femineae, Ibis* og *Halieutica* og harmleiknum *Medea*. Síðustu tvö verkin eru að mestu leyti glötuð en öll hin eru varðveitt í heild sinni eða lítið skert. Samanlagður fjöldi ljóðlína í þeim verkum Ovidiusar sem varðveitt eru er meira en þrjátíu þúsund en ógerlegt er að segja hversu mikinn hluta þessara verka Arngrímur hefur þekkt í heild sinni af eigin raun. Arngrímur vitnar í átta verk Ovidiusar. Eru tilvitnanir hans níu í *Metamorphoses*, tvær í *Fasti*, ein í *Amores*, tvær í *Ars amatoria*, tvær í *Heroides*, ein í *Remedia amoris*, fjórar í *Tristia* og ein í *Epistulae ex Ponto*. Tilvitnanir í *Metamorphoses* eru greinilega mest áberandi, þótt aðeins sé vísað í 5 bækur af 15, og skal engan furða þegar tekið er tillit til þess hversu mikill hluti *Metamorphoses* er af verkum Ovidiusar og líklega það verk sem mest var lesið víða um lönd.

Verkum Arngríms hefur hér verið raðað í tímaröð og því ætti að vera auðvelt að athuga hvort Arngrími hefur verið tamara á einhverju ákveðnu æviskeiði sínu fremur en öðru að vitna í Ovidius. Svo virðist ekki og dreifast tilvitnanir nokkuð jafnt á verk hans sem birtust á prenti frá árinu 1593 til 1643 en þó með þeirri undantekningu að Ovidius er nokkuð meira áberandi í verkinu *Apotribe calumniæ* en öðrum verkum eins og vikið verður að síðar.

3.2 Flokkun tilvitnana

Varðandi þá spurningu hvort gerlegt sé að flokka efni og notkun tilvitnananna á einhvern hátt tel ég að svo sé, að minnsta kosti í sumum tilvikum. Greina má til dæmis mun á því hvernig höfundur vitnar í skáldið. Aldrei er vitnað til verka Ovidiusar með því að geta nákvæmlega nafns, verks og staðar í því. Tilvitnanir, sem eru ýmist langar eða stuttar, eru stundum með þeim hætti að getið er nafns höfundar en oftar ekki. Dæmi eru um að minnst sé aðeins á verkið en einnig að textatengslin séu einvörðungu efnisleg eða orðalagi sé lítillega breytt. Segja má því að ytra form tilvitnananna sýni vissa fjölbreytni og að höfundur hafi ekki stefnt að því að beita neinni ákveðinni reglu eða samræmi við það hvernig hann vitnaði í þennan höfund. Ef til vill hefur hann ekki talið það skipta máli eða honum hefur fundist eitt form henta samhenginu betur en annað hverju sinni og reyndar kann hann einnig að hafa litið svo á að lærðir lesendur hans mundu flestir kannast við tilvitnun í svo frægan höfund sem Ovidius, jafnvel þótt þess væri ekki getið á sem nákvæmastan hátt.

Þegar tilvitnanir þær í Ovidius sem er að finna í ritum Arngríms eru lesnar í samhengi við meginmál verkanna er ljóst að nokkur eðlismunur er á því hvað þeim er ætlað að tjá. Má þar aðgreina tilvitnanirnar að minnsta kosti í þrjá flokka sem veita okkur þó nokkra innsýn í hugarheim og tilfinningar höfundar þegar hann samdi verk sín.

1) Í fyrsta flokk mætti raða þeim tilvitnunum sem lýsa almennum og algildum fyrirbærum og túlka má sem *loci communes* (ritklif). Söfn slíkra tilvitnana voru algeng og mikið notuð við skólastarf enda birtust sum þeirra á prenti og bárust jafnvel til Íslands eins og það sem kennt er við Joseph Langius (1570–1650).[32] Stundum er slík tilvitnun ein hnitmiðuð ljóðlína eða jafnvel einungis brot sem jafnt skólapiltar sem rosknir lærdómsmenn á tímum Arngríms hafa trúlega þekkt og haft á hraðbergi en getur þó einnig verið meira en ein ljóðlína. Sem dæmi má nefna tilvitnun sem finna má í *Brevis*

32 Sbr. 4. kafla.

Commentarius þegar Arngrímur vill lýsa öllum þeim rógburði og rangfærslum sem Íslendingar hafi orðið fyrir. Þá grípur hann til orða Ovidiusar og segir að ef hann vildi reyna að nefna einstök tilvik jafngilti það því að hann reyndi að telja öldur Eyjahafs (B). Sömu líkingu notar hann þegar hann minnist á allar þær ölmusur, *Eleemosynas*, sem Guðbrandur biskup lét af hendi rakna á langri ævi þurfandi mönnum til góðs. Ef hann ætlaði sér að telja þær upp mundi hann einnig í þessu tilviki vera að reyna að kasta tölu á vatnsagnir Eyjahafs (T). Aðra líkingu við vatn notar Arngrímur þegar hann gagnrýnir konungatal og túlkun Saxa á fornkonungum Dana. Honum finnst hún ótrúverðug en bætir þó við að skyldi finnast svo mikið sem eitt eintak af texta rituðum á fornnorrænu sem styðja mundi skoðun Saxa í þessu tilliti muni hann játa sig sigraðan. Fyrr muni þó vatn Xanthusarfljóts snúa við og renna til uppsprettu sinnar en að þetta gerist (D), svo fjarri lagi virtist honum tilgáta Saxa. Arngrímur beitir hér stílfyrirbærinu *adynaton* til að tjá það sem óteljandi er og ólíklegt og sveipar auk þess hugsun sína lærdómsljóma með því að vitna í Ovidius. Þegar hann vill lýsa því að hann sé í miðju kafi við ætlunarverk sitt og hafi nú svarað fyrsta hópi þeirra sem haft hafi uppi rangfærslur um Ísland verður honum greinilega hugsað til Ovidiusar og vitnar í hann en þó þannig að hann breytir fyrra parti ljóðlínu sem lýsir því að hluti þess verks sem er hafið bíði en að öðrum sé lokið. Breytt lína Arngríms segir að nú hafi hann lokið miklum hluta verks síns, *Et jam magna mei pars est exhausta laboris*, en orðalag í seinni hluta ljóðlínunnar sýnir að trúlega er fyrirmyndin Ovidius (C). Orð Arngríms má einnig túlka í þá veru að þau séu aðeins hluti óskilgreindrar gagnrýni sem hann vill koma á framfæri í þessu verki er markar upphaf hinna merku deilurita hans. Ef litið er til þeirrar gagnrýni á ríkjandi öfl sem oft leynist í verkum Ovidiusar er ofur eðlilegt að ímynda sér að einmitt hann hafi verið Arngrími ofarlega í huga þegar hann vildi krydda málflutning sinn í þessum ritum.

Í riti sínu *Anatome Blefkeniana* geysist Arngrímur enn út á ritvöllinn til varnar Íslendingum og síðum þeirra og beinir hann þar spjótum sínum fyrst og fremst að Ditmar nokkrum Blefken sem birt hafði mikinn óhróður um Ísland. Arngrímur segir að þetta hafi Blefken gert að tilefnislausu og mikilli grimmd þar sem Íslending-

ar hafi þegar verið að velli lagðir af þeim mikla aur sem aðrir höfðu áður ausið þá. Til að gera sem mest úr ómennsku Blefkens segir hann að hegðun hans gagnvart Íslendingum einkennist af meiri grimmd en sé ljóninu eiginleg. Sé það ósært nægi því að leggja menn að velli, jafnvel þótt það hafi verið áreitt, en tæti þá ekki með klóm sínum. Þessu telur Arngrímur best lýst með orðum Ovidiusar um hið hugstóra ljón, *leo magnanimus*, og skapar þar með áhrifamikla andstæðu við ómennið Blefken (I). Þessi fjögur dæmi sem hér hafa verið nefnd eiga það sammerkt að lýsa nokkurs konar ástandi eða fyrirbæri án þess að þau flytji nokkurn boðskap að því er best verður séð.

Önnur dæmi sem telja má til *loci communes* lýsa að vísu einnig ákveðnu fyrirbæri en þeim fylgir að mínu mati dýpri merking þar sem úr þeim má lesa nokkurs konar varnaðarorð, áminningu eða jafnvel hvatningu til lesandans. Þetta má til dæmis sjá í lokakafla minningarrits Arngríms um Guðbrand biskup, *Athanasia Dn. Gubrandi Thorlacii*, þar sem hann beinir orðum sínum til presta landsins og hvetur þá til að taka höndum saman, grípa til vopna kirkjunnar henni til varnar og vekja menn af værum blundi í þeirri baráttu. Þetta er alvörumál enda skulu menn hefjast handa strax og því eggjar höfundur menn með orðum Ovidiusar að sá sem ekki sé hæfur í dag sé það enn síður á morgun (U). Af orðum Arngríms í varnarriti sínu fyrir eigin mannorði, *Apotribe*, má ráða að höfundur hafi talið að meðal óvildarmanna sinna leyndust fyrrverandi nemendur og í dramatískum samanburði spyr hann þá hvort þetta framferði þeirra sé að sýna kennurum ást og virðingu eða ef til vill að greiða kennslulaunin að hætti Neros og á hann þá trúlega við sjálfsmorð heimspekingsins Seneca (um 4–65 e. Kr.) sem fyrrverandi nemandi hans Nero keisari hafði fyrirskipað. Frásögn sinni til frekari áréttingar lýsir Arngrímur því yfir að alkunna sé að ekki aðeins hönd heldur og sú tunga sem beri nöturlegt eitur undir ljúfu hunangi geti orðið völd að manndrápi. Tilvitnun Arngríms er nokkuð breytt frá orðum Ovidiusar en hugsunin er sú sama og líkindi milli orða það mikil að ekki er hægt að líta fram hjá því að hér kunni að vera á ferð einhver textatengsl (M). Hversu alvarlega beri að taka þessa dramatík Arngríms er hins vegar álitamál. Engu að síður verður lesendum fljótt ljóst að Arngrími er þessi óvild mikið

alvörumál og beinir hann spjótum sínum fyrst og fremst að tveim mönnum sem hann nafngreinir ekki en minnist á í kvæði þar sem nöfn þeirra eru falin.[33] Vörn sinni snýr hann gjarnan í sókn og sækir oft mál sitt af miklum þunga og með mörgum tilbrigðum. Hann fjallar meðal annars um það þegar vinátta breytist skyndilega og með leynd í hatur og hversu þeir sem hann hélt að væru vinir sínir hafi nú vegið að eigin mannorði með framkomu sinni. Hann kallar Ovidius til vitnis um lágkúru slíks innrætis með því að taka beint upp orð hans „að svíkja í nafni vinar er troðinn og fjölfarinn vegur en þótt hann sé troðinn og fjölfarinn þá er hann glæpsamlegur“ (N). Arngrímur hefur vafalaust einnig hugsað til þess hvernig Ovidius taldi sig svikinn af félögum sínum og þjónustuliði þegar hann var dæmdur í útlegð árið 8 e. Kr. eins og kemur fram í því kvæði sem hann síðar orti um lífshlaup sitt en þar spyr hann: „Hvers vegna ætti ég að minnast á óhæfu félaganna og illgirni þjóna?“[34]

2) Þeim tilvitnunum sem raða mætti í annan flokk er einkum ætlað að gefa ákveðnum náttúrulegum fyrirbærum, sögulegum aðstæðum og persónulýsingum aukið vægi og meiri dýpt. Sumum kann ef til vill að þykja mörkin milli þessa flokks og þess fyrsta nokkuð óljós og það sjónarmið á vissulega rétt á sér en þó tel ég að ef grannt er skoðað þá megi merkja greinilegan mun á mörgum tilvitnunum sem réttlæti einhvers konar flokkun. Í *Brevis Commentarius* minnist Arngrímur til dæmis á að til eigi að vera á Íslandi, í Haukadal í Biskupstungum, uppspretta sem breyti því sem í hana er sett í stein. Til að renna frekari stoðum undir slíkt náttúrufyrirbæri vitnar hann bæði í Seneca og Ovidius. Sá síðarnefndi segir frá því að Kíkonar, þjóðflokkur í Þrakíu, eigi sér fljót er geri innyfli þess að steini sem drekki úr því og annað að marmara við það að snerta það (A). Þegar Arngrímur hóf að rita minningarritið *Athanasia* um Guðbrand biskup var nokkuð langur tími liðinn frá láti

33 Að mati Jakobs Benediktssonar gæti verið um að ræða þá síra Magnús Sigfússon (um 1575–1663) og síra Ólaf Erlendsson (um 1570–1650) en báðir stunduðu þeir líklega nám í Hólaskóla í rektorstíð Arngríms 1589–1595. Báðir þessir prestar áttu síðar í deilum við yfirvöld. Sjá *Arngrimi Jonae opera latine conscripta* IV, 1957, bls. 392–394.

34 „Quid referam comitumque nefas famulosque nocentes?“, *Tristia* IV, 10, 101.

hans og því sá Arngrímur sig knúinn til þess að verja þetta seinlæti gegn væntanlegri gagnrýni. Það gerir hann með því að skírskota til siða Rómverja og sýna fram á hversu þeir minntust árlega áa sinna samkvæmt þeim sið sem ættfaðir rómversku þjóðarinnar Aeneas, hinn gildi stöpull skyldurækninnar, hafði efnt til. Veglegri samanburð gat Arngrímur því vart fundið en í orðum Ovidiusar þegar hann vill sýna fram á að Guðbrandur eigi skilið allan þann heiður sem hugsanlegur sé (S). Í hinu mikla riti sínu um Ísland, *Crymogaea*, fjallar Arngrímur meðal annars um hestaat sem hann kallar hestaþing eða hestavíg. Hann segist ekki auðveldlega skilja tilgang þessarar keppni en telur að uppruna hennar sé að finna í grískum leikjum eða ef til vill í þeim leikjum Rómverja sem nefndust *Equirria* og máli sínu til frekari stuðnings vísar hann meðal annars á spássíu til annarrar bókar verksins *Fasti* eftir Ovidius án þess þó að vitna beint í orð hans (E). Á öðrum stað í sama riti minnist Arngrímur á Njál á Bergþórshvoli af mikilli virðingu og segist vilja setja honum í stað grafskriftar þau orð Ovidiusar að enginn hafi verið honum vænni né unnað réttlætinu meir en hann (F). Og enn leitar Arngrímur til Ovidiusar þegar hann er að lýsa stjórnmálaástandinu á Íslandi á 13. öld í sama riti. Eftir mergjaða lýsingu á því hvernig átök Sturlungaaldar breyttu íslensku stjórnkerfi úr ágætu höfðingjaveldi, *aristocratia*, í hina verstu fámennisstjórn, *oligarchia*, vitnar höfundur í lok þessa kafla um helsting, *paroxysmos*, lýðveldisins í orð Ovidiusar um það þegar blygðun, sannleikur og traust lögðu á flótta en í þeirra stað komu svik, fláræði og brögð, ofbeldi og illvíg ágirnd (G). Af þessu er ljóst að í augum Arngríms var Ovidius eitthvað annað og meira en léttúðugt ástarskáld. Í verkum hans mátti finna vangaveltur um dyggðir, undirstöðu heilbrigðs mannlífs og réttlátrar stjórnunar, og um það hvernig neikvæðar kenndir og öfl ruddu þeim úr vegi.

Vangaveltur um versnandi siði manna virðast oft hafa verið Arngrími ofarlega í huga og eins og búast mátti við finnur hann þessum tilfinningum sínum útrás, meðal annars í þeim kafla sjálfsvarnarrits síns, *Apotribe*, þar sem hann fjallar um vináttuna og hvernig sumir vanvirði hana með því að vilja hagnast á henni. Meðal ýmissa tilvitnana til klassískra bókmennta vísar hann til Ovidiusar á mjög áberandi hátt með þeim orðum hans að forðum hafi nafn vin-

áttunnar verið í heiðri haft en nú sé það falt og bjóði sig til ávöxtunar líkt og skækja (O). Vilji Arngríms til þess að leggja áherslu á það sem honum þykir ljótt og teljast má til neikvæðra eiginleika tekur með sanni flugið þegar hann lýsir persónu Blefkens í ritinu *Anatome Blefkeniana*, sem þegar hefur verið minnst á. Í samræmi við heiti ritsins er að nokkru leyti fjallað um efnið eins og um líkskurð væri að ræða og tekur höfundur meðal annars höfuð og heila til skoðunar. Ein niðurstaða hans er sú að í höfuð Blefkens vanti blygðunarkenndina, *verecundia*, og að í stað hennar hafi óskammfeilnin, *inverecundia*, eða öllu heldur ósvífnin, *impudentia*, tekið sér bólfestu. Til að gera þessa skoðun sína enn áhrifameiri vitnar hann síðan í orð Ovidiusar: „Blygðunarkenndin er horfin. Líkt og liðhlaupi varpaði hún frá sér merkjum sínum“ (H). Arngrímur gengur mjög langt í því að finna hinar verstu og rætnustu lýsingar og líkingar til þess að gera sem minnst úr persónu Blefkens og þar með einnig riti hans. Einn þeirra sem Blefken byggði rit sitt á var Þjóðverji, Goories Peerse, sem birt hafði kvæði sem gaf ranga og neikvæða mynd af Íslandi. Í ritinu *Brevis Commentarius* hafði Arngrímur ekki látið sér nægja að líkja Peerse við svín heldur sagt beinum orðum að hann væri sóðalegt svín sem rótaði öllu upp í fögrum rósagarði með trýni sínu og eyðilegði hann.[35] Þessi orð ber því að skilja svo að Peerse hafi þá þegar verið orðinn að svíni eins og hann sýni með lýsingum sínum á Íslandi og Íslendingum í kvæði sínu. Þessa hugmynd sækir Arngrímur trúlega til 15. bókar *Myndbreytinga* Ovidiusar þar sem fjallað er bæði um viðurstyggð svínsins, sálnaflakk og eilífar ummyndanir efnis og forms sem eru í raun undirstöðuhugmyndir þessa rómverska stórverks.[36] Arngrímur hnykkir enn frekar á þessari skoðun sinni og líkingu þegar hann segir að Blefken hafi í raun étið svínið Peerse þar sem ekkert sé að finna hjá honum sem ekki sé komið frá skáldinu þýska. Það mætti meira að segja kveða svo fast að orði að væri hald í kenningu Pýþagórasarmanna um sálnaflutning, *Pythagoricorum Metempsychosis*, þá væri svínið komið í Blefken bæði andlega og líkamlega[37]. Haldið er áfram að

35 *Brevis Commentarius*, bls. 93v–94r.

36 *Metamorph.* XV, 75 o.áfr.

37 *Anatome Blefkeniana*, bls. 52–53.

lýsa viðbjóði svínsins með tilvísunum í fornaldarsöguna til réttlætingar þeim orðum Ovidiusar að svínið væri talið hafa verðskuldað að verða fyrsta fórnardýrið af því að með trýni sínu hefði það rótað upp sæðinu og eytt þeirri von sem í því fólst (J).[38] En ekki nægir Arngrími svínslíkingin til að sýna fram á hvílíkt ómenni Blefken er og því verður að finna enn fyrirlitlegri skepnu. Og þá verður apinn fyrir valinu. Í eftirmála bókarinnar lýsir Arngrímur því með mörgum dæmum úr heimi egypskra og klassískra fræða hvernig apinn hafi verið talinn ein hin auvirðilegasta skepna og réttlætir með því móti af hverju hann líkir Blefken við apa vegna rits hans um Ísland. Til að auka enn frekar vægi þessarar samlíkingar vitnar hann í fjórar ljóðlínur Ovidiusar þar sem skáldið lýsir því hvernig Seifur, faðir guðanna, breytir Kerkopum í apa, ólögulegar skepnur sem voru í senn ólíkar og líkar mönnum. Þetta gerði Seifur af því að hann hataði svik og meinsæri þessarar þjóðar. Gjörðir Blefkens réttlættu með öðrum orðum að honum væri jafnað til þessarar skepnu (L). Reyndar lýkur apalíkingunni ekki þar því að nokkrum blaðsíðum síðar er tréskurðarmynd af apa með lærdómshúfu á höfði og dautt afkvæmi sitt í fanginu. Apinn er auðvitað Blefken sem þykist vera lærdómsmaður og afkvæmið væntanlega bók hans um Ísland sem Arngrímur hefur deytt með riti sínu.

3) Við höfum nú þegar kynnst því örlítið að Arngrímur hefur átt það til að nema staðar við þá þætti í mannlegu fari eða lífinu almennt sem honum þótti miður. Hann vill með öðrum orðum ekki láta þessar meinsemdir fá að dafna óátalið og því má segja að í sumum verka hans sé á köflum að finna nokkuð sterkan siðaboðskap. Efni og tilgangur rita hans gefa vissulega mismikið tilefni til slíkra hugleiðinga og er ljóst að rit hans eins og *Apotribe* er kjörinn vettvangur til að koma slíkum skoðunum á framfæri. Það er líka þar sem tilvitnanir hans í skáld eins og Ovidius verða mjög sterkar og áhrifamiklar og því hefur mér þótt eðlilegt að láta þessar tilvitnan-

38 Þrír samtíðarmenn Arngríms Jónssonar, Jón Guðmundsson (1558–1634) í Hítardal, Guðmundur Einarsson (1568–1647) á Staðastað og Magnús Sigfússon (1575–1663) á Höskuldsstöðum, líktu allir Blefken við svín í níðkvæðum sem þeir ortu um hann á latínu og birt voru í *Anatome Blefkeniana*, bls. 81–85. Kvæði Jóns Guðmundssonar birtist ekki fyrr en í annarri útgáfu ritsins í Hamborg 1613.

ir ásamt þeim sem er að finna í síðasta verki hans, *Specimen Islandiæ Historicum*, mynda þriðja flokkinn, þann sem hefur að geyma tilvitnanir sem einkennast af miklum persónulegum tilfinningum. Segja má að slík persónuleg reynsla sé að nokkru leyti til staðar í lýsingu Arngríms í *Apotribe* á gjaldfellingu vináttunar eins og henni er lýst í tilvitnuninni um skækjuna sem falbýður sig (O) en hin persónulega hlutdeild verður að mínu mati öllu sterkari í þeirri lýsingu á öfundinni, *invidia*, sem fylgir í kjölfarið. Tilefnið er sem fyrr í *Apotribe* rógur óvildarmanna Arngríms en hér er orðin viss stígandi í umfjölluninni þar sem höfundur telur þessa fjandmenn sína vera haldna mikilli öfund. Lýsingin sjálf spannar rúmar fjórar blaðsíður (48–52) og leitar höfundur fanga víða í heimi klassískra höfunda og húmanista. Hann vitnar þannig í þekkt verk, *Emblemata*, eftir Ítalann Andrea Alciato (1492–1550) sem var safn táknrænna mynda af huglægum fyrirbærum og meðfylgjandi hnitmiðuðum lýsingum í bundnu máli. Verk þetta kom fyrst út árið 1531 og varð mjög vinsælt um gjörvalla Evrópu enda var það endurútgefið fjölmörgum sinnum. Ein mynda og lýsinga Alciatos er af kvenveru sem á að tákna *Invidia*, Öfund. Lýsing hans á greinilega rætur að rekja til velkunnrar lýsingar Ovidiusar á sama fyrirbæri þó svo að fyrirmyndin sé með öðru orðalagi og miklu ítarlegri. Tilvitnunin til Alciatos verður því nánast eins og einhvers konar forspil að langri og nokkuð flókinni beinni tilvitnun í þessa lýsingu Ovidiusar sem Arngrímur gerir mikið úr (P, Q). Umfjöllun Ovidiusar um Öfund er að finna í heild sinni í *Myndbreytingum* hans, *Metamorphoses* II, 768–796, þar sem því er lýst þegar gyðjan Aþena er full heiftar í garð Aglaurosar, dóttur Kekrops konungs í Aþenu, og vill refsa henni með því að fylla hana öfund gagnvart systur hennar. Í þeim tilgangi leitar hún liðsinnis Öfundar og biður hana bera eðli sitt, öfundina, í konungsdótturina. Öll þessi saga hefur sennilega staðið Arngrími ljóslega fyrir hugskotssjónum þegar hann ákvað að nýta lýsingu Ovidiusar til að skýra sem best þær hvatir sem hann taldi liggja að baki þeim rógburði sem beindist gegn sér á Íslandi. Til að nálgast þá mynd og andrúmsloft sem Ovidius skapar með þessum ljóðlínum sínum hef ég talið æskilegt að birta hér að framan allan kaflann þar sem lýst er heimsókn Aþenu til Öfundar bæði á latínu og í íslenskri þýðingu. Þótt lýsing Ovidi-

usar sé áhrifamikil hefur Arngrímur gert sér ljóst að full tilvitnun mundi líklega missa marks þar sem samskipti Öfundar og Minervu vegna Aglaurosar væru hans markmiði óviðkomandi. Hann hefur því ákveðið að rjúfa þessa kunnu lýsingu Ovidiusar og skeyta einungis ákveðnum hlutum hennar inn í sinn eigin texta svo að hann yrði eins hnitmiðaður og unnt væri. Fyrri tilvitnunin (P. *Metamorph*. II, 768–782, ljóðl. 773–774 sleppt) lýsir einfaldlega útliti, eðli og vanlíðan Öfundar en sú síðari (Q. Metamorph. II, 789–796) beinir frekar huganum að því hvernig hún hagar sér þegar hún beitir sér og hvaða afleiðingar framferði hennar hefur í för með sér. Lýsingin á andstyggð Öfundar þjónar bæði almennum og persónulegum tilgangi því að þótt hún sé ein og sér hin mesta meinsemd þá kippir dóttur hennar, *Calumnia*, Álygi, mjög í kynið og því á lýsingin einnig við um hana eins og ljóst er af orðum Arngríms í því sem á eftir fer. Með því gefur höfundur heiti rits síns, *Apotribe Calumniæ*, Álygi hrakin, alla þá dýpt og merkingu sem hugsanlegt var. Lesendur ættu varla að velkjast í vafa um eðli rógberanna, *calumniatores*.

Aftan við megintexta þessa rits bætir höfundur við 24 sendibréfum sem merkir erlendir lærdómsmenn höfðu skrifað honum á árunum 1589–1608 og í áframhaldi af því eru prentaðar 42 persónulegar kveðjur sem vinir hans og velgerðarmenn, bæði erlendir og innlendir, höfðu skrifað í vinabók hans eða *album amicorum* eins og slíkar minningarbækur eru oft nefndar.[39] Þessu öllu er vitaskuld bætt við til þess að sýna í hve miklum metum Arngrímur var meðal merkra manna og fornra vina. Þessum kafla fylgir Arngrímur úr hlaði með ávarpi til lesandans þar sem hann fjallar um vináttu og gagnkvæmi hennar. Rökhugsun hans er sú að hefði hann ekki reynst þessum mönnum vel mundu þeir ekki sýna honum svona mikla hlýju og ástúð. Hann segir að það muni ekki snerta sig hið minnsta ef öfundarmenn sínir hnýti í sig vegna þessa. Menn sem hafni því að mikilmenni geti haft til að bera slíka mannkosti, *humanitas*, að þeir sýni þeim sem lægra eru settir vinsemd, skuli rækta sjálfselskuna, *philautia*, með Narcissusi sem Ovidius lýsti í þriðju

39 Jón Þorkelsson Thorkillius (1697–1759) notar orðið *philotheca* (vinasafn) um þessa minnisbók Arngríms. Sjá *Specimen Islandiæ Non-barbaræ sive Literatæ et Cultioris*, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, GKS 2872 4to, bls. 20.

Sqvalida vipereas manducans femina carnes,
Cuiq' dolent oculi, qvæq' suum cor edit,
Qvam macies & pallor habent, spinosaq' gestat
Tela manu: talis pingitur Invidia.

Sóðaleg kona bryður snákakjöt. Augun
valda henni verk og hún tærir hjarta sitt.
Hor og bleikja hrjá hana og í hendi sér heldur
hún á þyrnóttu spjóti: Slík er mynd Öfundar.

Orðið *emblema* (flt. *emblemata*) er oft notað um táknræna mynd af almennu fyrirbæri eins og trú, von, hroka eða öfund með skýringum sem iðulega eru í bundnu máli. Prentuð söfn slíkra mynda náðu hylli fólks á 16. öld og entust vinsældir bóka af þessu tagi í að minnsta kosti tvær aldir. Ágætt dæmi um slíka bók er verkið *Emblemata Andreæ Alciati* sem út kom margsinnis og er myndin af Öfund, *Invidia*, tekin úr fjórðu útgáfu bókarinnar sem birtist á prenti í Leiden í Hollandi árið 1591. Arngrímur Jónsson þekkti þetta verk þótt ekki sé vitað hvaða útgáfu hann hafði í huga þegar hann fjallaði um Öfund.[40] Ljósmynd: Uppsala University Library.

40 Marie-Christine Skuncke og Krister Östlund eru færðar þakkir fyrir veitta aðstoð við öflun myndefnis.

bók *Myndbreytinga* sinna (R). Með þessari tilvitnun brigslar Arngrímur með öðrum orðum óvildarmönnum sínum um slíka síngirni og viðbjóðslegan hroka, *dira superbia*, að þeir séu alls ófærir um að gefa nokkuð jákvætt af sér í mannlegum samskiptum né skilja að aðrir geti gert það.

Augljóst tilefni fyrstu rita Arngríms voru lygar og rangfærslur um Ísland sem birst höfðu í erlendum ritum. Málið er þó eflaust flóknara eins og Gottskálk Þór Jensson hefur réttilega bent á í grein í bókinni *Þjóðerni í þúsund ár*.[41] Þótt Arngrímur réðist þegar í upphafi gegn þessum skrifum af hnitmiðaðri festu og hvössu háði þegar þess þurfti með voru sögusagnirnar mjög lífseigar. Arngrímur var hins vegar ekki maður uppgjafar og því er það ef til vill táknrænt fyrir hann og rithöfundarferil hans að síðasta rit hans, *Specimen Islandiæ Historicum*, er enn helgað baráttu hans fyrir því að leiðrétta missagnir um Ísland og koma því á framfæri við lærða lesendur sem hann telur sannast. Í þessu riti kveður þó við annan tón en þann sem við kynnumst í þeim ritum þar sem hann gefur reiði sinni lausan tauminn. Sá maður sem Arngrímur er hér ósammála er enginn annar en konunglegur sagnaritari, Johan Isaksen Pontanus (1571–1639) sem var mikilsvirtur fræðimaður. Hann var ættaður frá Hollandi en hafði að nokkru leyti alist upp í Danmörku og hafði Kristján konungur IV. (1577–1648) fengið hann til að rita nýja Danmerkursögu sem uppfylla átti kröfur samtímans og kom þetta mikla verk út árið 1631. Í þessu riti aðhylltist Pontanus skoðun sem Arngrímur taldi sig hafa jarðað mörgum árum áður. Þetta var spurningin um það hvort Thule sem gríski fornaldarlandkönnuðurinn, Pytheas frá Marseille (um 325 f. Kr.), nefndi svo ætti við Ísland eða eitthvert annað land eða eyju. Pontanus leiðir rök að því að Ísland sé Thule og gerir það meðal annars til að auka veg Íslands með því að tengja sögu þess við fornaldarmenningu Grikkja og Rómverja sem á þeim tíma gat verið keppikefli í sjálfu sér. Arngrímur telur á hinn bóginn að með þessu móti sé verið að gera lítið úr fornum íslenskum heimildum sem ekki minnist á þetta og þeim til varnar ræðst hann gegn Pontanusi.[42] Hann gerir það hins vegar af

41 Gottskálk Jensson, „Söguleysa þjóðlegrar sagnfræði. Íslenskt þjóðerni og evrópsk latínumenning“, *Þjóðerni í þúsund ár*, ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003, bls. 57–71, hér bls. 62–63.

háttvísi og fullri virðingu fyrir andstæðingi sínum þó svo að engum blandist hugur um að Arngrími finnist fræðimannsheiðri sínum misboðið og að honum hafi sárnað mjög persónulega. Þetta kemur meðal annars greinilega fram í annarri þeirra tveggja tilvitnana í Ovidius sem finna má í *Specimen*. Þær eru báðar í lokakafla bókarinnar á áberandi stað. Sú fyrri (V) vísar beint til ágreiningsefnis rithöfundanna tveggja. Í samantekt eða eftirmála, *epilogus*, rits síns hvetur Arngrímur Pontanus til að endurskoða orð sín um Thule meðal annars á grundvelli þeirrar gagnrýni sem fram komi í *Specimen*. Til að gera það á sem áhrifamestan hátt og sýna að um mikið alvörumál sé að ræða vitnar Arngrímur í orð Ovidiusar þar sem hann fjallar um kunna sögu úr heimi gríska hetju- og goðsagna. Hetjan mikla Akilles úr Ílíonskviðu barðist við konunginn Telefus og í þeirri baráttu hlaut Telefus sár sem ekki vildi gróa. Hann leitaði ráða hjá véfréttinni í Delfí sem tjáði honum að sá sem sárinu hefði valdið mundi geta læknað það. Eftir málþóf nokkurt gekkst Akilles inn á að lækna meinið og skóf af spjóti sínu flögur í sárið sem greri. Í hvatningarorðum Arngríms er Pontanus Akilles, hann sjálfur Telefus og sárið er sú skoðun Pontanusar að Ísland sé Thule. Lækning fælist í því að Pontanus drægi skoðun sína aftur á prenti. Arngrímur hefði varla getað tjáð sársauka sinn af meiri þunga og einurð. Þá er hinn aldni höfundur kominn að lokaorðum þessa rits síns og til þess að milda eigin orð og forðast það að særa hinn virta erlenda söguritara lýkur hann verkinu á lofi um Pontanus og verk hans. Stuttur en veigamikill hluti þess lofs er sóttur í lokakafla *Myndbreytinga* Ovidiusar. Með því að nýta sér einungis hluta af einni tvíhendu sníður Arngrímur orð rómverska skáldsins að eigin þörfum (Y). Orð Ovidiusar lýsa stolti hans yfir því stórvirki sem hann hafði unnið með *Myndbreytingum* sínum og þessi fleygu orð nýtir Arngrímur til að lýsa ágæti hinnar miklu Danmerkursögu sem hvorki reiði Júpíters, eldur, vopn né eyðing tímans muni geta grandað, *quod nec Iovis ira nec ignis / Nec poterit ferrum*

42 Karen Skovgaard-Petersen, „Íslandslýsing Brynjólfs biskups, *Historica de rebus Islandicis relatio*, í ljósi samtíðar sögunitunar, einkum Danmerkursögu Jóhannesar Pontanusar (1631)“, þýð. Sigurður Pétursson, *Brynjólfur biskup – kirkjuhöfðingi, fræðimaður og skáld. Safn ritgerða í tilefni af 400 ára afmæli Brynjólfs Sveinssonar 14. september 2005*, ritstj. Jón Pálsson, Sigurður Pétursson og Torfi H. Tulinius, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2006, bls. 218–226.

nec edax abolere vetustas. Pontanus hafi reist sér bautastein á við þann sem Ovidius hafði öðlast eilífa frægð fyrir og með þessu lofi sýndi Arngrímur greinilega að hann vildi ekki veita Pontanusi sár eins og hann sjálfur hafði hlotið og gera lítið úr virðingu þessa mikla lærdómsmanns vegna Thuledeilunnar.

4. Ovidius á Íslandi á tímum Arngríms

Þegar litið er á þessar fjölbreyttu og ólíku tilvitnanir í Ovidius vaknar eðlilega sú spurning hversu víðtæka þekkingu Arngrímur hafði á verkum þessa rómverska skálds. Sótti hann þessar tilvitnanir milliliðalaust til Ovidiusar, voru þær komnar úr tilvitnunum annarra höfunda í verk Ovidiusar eða voru þær úr dæmasöfnum, svonefndum *florilegia*? Ógerlegt er að svara því nákvæmlega hvernig fleyg orð Ovidiusar og annarra fornaldarhöfunda bárust Arngrími. Lítið er vitað um bókaeign hans eða bókakost á Hólum þar sem hann dvaldist langdvölum. Hins vegar má ætla af aðstæðum að hann hafi haft haldgóða kunnáttu í verkum Ovidiusar sem líklega var skyldulesning í flestum ef ekki öllum latínuskólum Danaveldis þar sem ákvæði voru í kirkjuordínanzíunni frá 1537 um að lesið skyldi úr *Myndbreytingunum*. Arngrímur hafði sjálfur numið í Hólaskóla, stundað háskólanám í Kaupmannahöfn og síðar starfað á Hólum við kennslu og skólastjórn og því var hann gjörkunnugur hefðbundinni menntun og kennslu á öllum æðri skólastigum. En þótt gera megi ráð fyrir góðri kunnáttu Arngríms á þessu sviði eru margir óvissuþættir þegar fjallað er um ástand mennta- og skólamála á Íslandi á fyrri öldum. Þótt Ovidius skjóti upp kollinum óvænt hjá öðrum íslenskum rithöfundum þessa tíma eins og til dæmis í *Gandreið* Jóns Daðasonar (1606–1676) prests í Arnarbæli segir það lítið um almenna útbreiðslu verka þessa rómverska skálds.[43] Óvíst er hvort öll verk hans hafi verið til á Íslandi á tímum Arngríms þótt vitað sé að í bókasafni Brynjólfs Sveinssonar biskups (1605–1675) í Skálholti hafi árið 1674 verið að finna *Ovidii opera* (verk Ovidiusar) í tveim bindum í octavo-

43 Jón Daðason, „Gandreið“, Lbs 892 4to, 371–372. *Fasti* II, 683–684: „Gentibus est aliis tellus data limite certo / Romanae spatium est urbis et orbis idem.“

stærð og *Ovidii opera* í þrem bindum í duodecimo- eða decimo sexto-stærð. Þar að auki var í bókasafninu verkið *Loci communes sive florilegium rerum et materiarum selectarum* eftir Joseph Langius (1570–1615) sem líta mætti á sem spakmæli eða safn valins efnis. Það verk kom fyrst út í Strassborg árið 1598 og var mikið notað. Það er því ljóst að íslenskir lærdómsmenn hafa haft kynni af þess háttar dæmasöfnum sem trúlega hafa auðveldað þeim að vitna í þekkta höfunda. Mögu-leikar Arngríms til að nálgast orð Ovidiusar kunna því að hafa verið þó nokkrir og að líkindum er eðlilegt að líta svo á að kynni hans af skáldinu hafi byggst á öllum þessum þáttum. Menn geta einnig velt því fyrir sér hversu nánasta umhverfi hans og samtíð kunni að hafa hvatt hann til þess að leita svo mjög í verk Ovidiusar. Þótt aldrei fá-ist tæmandi svör við því frekar en mörgu öðru má þó minnast á nokkra samferðamenn hans sem beittu Ovidiusi með ýmsu móti til að tjá hugsanir sínar og tilfinningar.

Guðbrandur Þorlákssson biskup á Hólum vitnar til að mynda beint í Ovidius í bréfi til Pouls Madsen (1527–1590) Sjálandsbisk-ups árið 1574.[44] Sá hinn sami Poul Madsen gerir einnig svo í bréfi til Arngríms árið 1590 en þar vitnar hann í orð Ovidiusar, *est quæ-dam flere voluptas*; / *expletur lacrimis egeriturque dolor* (í gráti felst ákveðinn unaður, með gráti nær sársaukinn fyllingu og brýst út) til að hugga Arngrím sem greinilega hefur orðið fyrir mikilli sorg og sagt honum frá því í bréfi.[45] Hinn aldni biskup sýnir ungum vini sínum mikla hlýju og kann ekki betra ráð til að tjá honum samúð sína og sefa sorg hans en að minnast orða Ovidiusar sem hann bein-ir til eiginkonu sinnar í Róm úr útlegðinni við Svartahaf. Meira en hálfri öld síðar leitar ungur samferðamaður Arngríms, Guðmund-ur Andrésson (um 1615–1654), mjög í smiðju Ovidiusar. Hann sækir innblástur úr fjórðu og fimmtu bók *Myndbreytinganna* í rím-ur sem hann kallar *Persíus rímur* en segja má að þær séu fyrsta bók-menntaverk á íslensku sem í heild sinni megi rekja til Ovidiusar.[46]

---

44 *Ex Ponto* I, 2 121. Guðbrandur Þorláksson, *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1919–1942, bls. 81; Sigurður Pétursson, „Á slóð húmanista á Íslandi“, *Ritið* 1/2007, bls. 143–158, hér bls. 155.

45 *Tristia* IV, 3, 37–38. *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta* III, 1952, bls. 90.

46 Guðmundur Andrésson, *Persíus rímur*, Jakob Benediktsson bjó til prentunar, Reykjavík: Rímnafélagið, 1949.

Einna kunnastur er þó Guðmundur fyrir ádeilurit sitt *Discursus Oppositivus* (Deilurit) sem olli því að hann var handtekinn og fluttur til Hafnar. Þar var hann að vísu náðaður af konungi en með því skilyrði að hann sneri aldrei aftur til ættjarðarinnar. Í þessu riti hans sem er samið á íslensku eru tvær hnitmiðaðar og hvassyrtar tilvitnanir á latínu í verk Ovidiusar.[47] Arngrímur hafði sýnt riti Guðmundar áhuga og meira að segja látið honum í té pappír til þessarar ritsmíðar. Að verkinu loknu, vorið 1648, sendi Guðmundur Arngrími ritið og bað hann um álit hans í bréfi á latínu sem fylgdi sendingunni. Í því vitnar hann á tveim stöðum í Ovidius.[48] Í fyrri tilvitnuninni ber Guðmundur í raun sjálfan sig saman við Ovidius þegar hann hefur eftir honum orðin *ingenio perii Naso poeta meo* (úti er um mig, skáldið Ovidius Naso, vegna gáfna minna) um leið og hann lætur þá ósk í ljósi að þetta megi ekki verða að áhrínsorðum. Guðmundur gerði sér með öðrum orðum grein fyrir því að hann hafði lagt út á hættulega braut og harmsaga Ovidiusar hefur án efa verið honum ofarlega í huga þegar hann valdi þessi orð. Að örlög hans og skáldsins rómverska yrðu svo svipuð hafði hann þó líklega ekki órað fyrir. Að því varð Arngrímur ekki vitni og ekki er heldur vitað um viðbrögð hans við bréfinu enda lést hann nokkrum vikum síðar. Samskipti Guðmundar og Arngríms vegna þessa máls eru á margan hátt mjög athyglisverð. Í gagnrýni sinni á Stóradóm í ritinu *Discursus Oppositivus* finnur Guðmundur til skyldleika við uppreisnarskáldið Ovidius og nýtur stuðnings hins aldna kirkjuhöfðingja Arngríms lærða við þessi ritstörf sín. Þótt Arngrímur teldist tvímælalaust til forréttindastéttar Íslands hafði hann bæði þor og vilja til að sinna þessu máli sem hlaut að vekja tortryggni með valdhöfum ef til spyrðist. Hvatinn var ef til vill réttlætiskennd hans og sú pólitíska gagnrýni sem hann hafði meðal annars kynnst við lestur verka Ovidiusar. Bréf Guðmundar hefur líklega verið eitt síðasta latínubréfið sem Arngrími barst á langri ævi og segja má því að Ovidius og verk hans hafi fylgt honum allt til æviloka.

47 *Metamorph*. I, 144–145 og *Ars amandi* I, 655–656; Guðmundur Andrésson, *Deilurit*, Jakob Benediktsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn: Hið íslenzka fræðafélag, 1948, bls. 29 og 50.

48 *Tristia* III, 3, 74 og *Ars Amandi* III, 3–4. Guðmundur Andrésson, *Deilurit*, bls. 55.

5. Niðurlag

Það er vissulega álitamál hvernig meta beri þátt Ovidiusar í ritstörfum Arngríms lærða. Verk Ovidiusar eru mörg og margvísleg og því er ekki nema eðlilegt að áhrifa þeirra gæti með ýmsu móti í verkum Arngríms. Ekki síst skal hafa í huga að verulegur hluti þess sem Arngrímur samdi á löngum rithöfundarferli sínum voru deilurit og einmitt á þeim vettvangi var Ovidius kjörin uppspretta og jafnvel fyrirmynd. Hann hafði sýnt kjark til þess að fara eigin leiðir sem oft og tíðum stríddu gegn stefnu valdhafa. Hann kunni vel að koma margþættri og dulinni gagnrýni sinni til skila í fáguðum og hnyttnum kveðskap sínum, svo vel að valdhafar í Róm ákváðu að fjarlægja hann. Slíkur kveðskapur hefur ætíð áhrif á menn sem velta fyrir sér tilverunni og svo var einnig á 17. öld. Orð Ovidiusar hlutu að finna hljómgrunn meðal skólapilta og lærdómsmanna á menntasetrum Íslands, í Skálholti og á Hólum, sem Arngrímur var nátengdur mikinn hluta ævi sinnar. Þótt margt megi trúlega flokka sem getgátur í túlkun þessa kveðskapar þá er það staðreynd að Ovidius var dyggur förunautur Arngríms í meira en hálfa öld. Arngrímur var aðeins tuttugu og tveggja ára þegar Povl Madsen biskup í Kaupmannahöfn notaði orð skáldsins rómverska til að hugga hann og hvetja á erfiðri stundu árið 1590. Í elli sinni beitti hann sjálfur Ovidiusi til að hvetja hinn virta sagnaritara Pontanus til að verða við ósk sinni og játa að Thule væri ekki Ísland. Á þeim fimm áratugum sem skilja þessa atburði að vitnaði Arngrímur oft og á mismunandi hátt í verk Ovidiusar til að ljá orðum sínum og tilfinningum aukinn þunga og með samanburði má sjá að Ovidius er sá sem oftast er nefndur fornrómverskra höfunda, oftar en Cicero og Vergilius sem koma honum næstir.[49] Návist hans í umhverfi Arngríms svo og sú mikla athygli sem honum, verkum hans og örlögum, var sýnd erlendis á þessum tíma færir okkur hvað best heim sanninn um það hve mikill samhljómur var með því sem húmanistinn Arngrímur Jónsson hugsaði og ritaði og því sem lærðir samtíðarmenn hans skópu víða um Evrópu.

49 Arngrímur vitnar um 20 sinnum í Cicero og 11 sinnum í Vergilius.

ABSTRACT

Arngrímur and Ovidius

In western literature quotations and references to famous authors have for more than two millenia played an important part in establishing literary works as belonging to a certain tradition. Innumerable examples are to be found in Greek and Latin literature extending from the last centuries before Christ to the abundant humanistic use of classical models. Arngrímur Jónsson (1568–1648), the most prolific humanist writer of Iceland, is no exception. His works are richly imbued with reminiscences of classical Latin literature in full agreement with the taste of his times. One of the most prominent authors referred to by Arngrímur is the Roman poet Ovid whose inspiration was widely felt both in art and literature in the sixteenth and seventeenth centuries. In the article on Arngrímur and Ovid an attempt is made to describe Arngrímur's use of the works of Ovid from several points of view, reaching the conclusion that a learned man like Arngímur Jónsson, though living in a remote country like Iceland, composed his literary works in full accordance with the customs and taste of the learned class of western civilization in general.